



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. júní 2017 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2017, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur, Hjallastefnunnar ehf, Waldorfskólans Lækjarbotnum, International School of Iceland og Grunnskólans Nú, skólaárið 2017-2018. Greinargerð fylgir. Auk þess lögð fram bréf International School of Iceland, dags. 7. apríl 2017 og Grunnskólans Nú, dags. 5. apríl 2017, bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. maí 2017, varðandi Grunnskólann Nú, bréf Garðabæjar, dags. 24. maí 2017 varðandi Hjallastefnuna ehf og International School of Iceland og bréf Kópavogsbæjar, dags. 30. maí 2017 varðandi Waldorfskólann Lækjarbotnum.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 1. júní, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um mestan fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og Nú grunnskóla auk fyrirvara, samþykkt og vísað til borgaráðs.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin til 1. júlí 2018, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra, dags. 1. júní 2017

Fylgiskjal um yfirlit yfir kostnað

Bréf International School of Iceland, dags. 7. apríl 2017

Grunnskólinn Nú, dags. 5. apríl 2017

Bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. maí 2017

Bréf Garðabæjar, dags. 24. maí 2017

Bréf Kópavogsbæjar, dags. 30. maí 2017



Reykjavík, 1. júní 2017
SFS2016040020
120. fundur / fskj. 1/7
HG/kg/gs

Bréf

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018.

Lagt er til að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til samræmis við eftirfarandi:

International School of Iceland í Garðabæ:

Skólaárið 2016-17 stunda 10 reykvískir nemendur nám í skólanum. Mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum 12 nemendur skólaárið 2014-15. Núverandi viðmið um hámarksfjölda er 13 nemendur, en skólinn óskar eftir að viðmið um hámarksfjölda verði hækkað í 20 nemendur. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði árið 2017-2018 20 reykvískir nemendur.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum:

Skólaárið 2016-17 stunda 52 reykvískir nemendur nám í skólanum, sem er mesti fjöldi nemenda á sl. 10 árum. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 54. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna verði óbreytt skólaárið 2017-18, eða 54 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar:

Skólaárið 2016-17 stundar 1 reykvískur nemandi nám við skólann. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 18. Mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum er 16 nemendur skólaárið 2013-14. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði lækkað úr 18 í 10 nemendur skólaárið 2017-18. Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur ekki andmælt því að viðmið verði lækkað.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn:

Skólaárið 2016-17 stunda 5 reykvískir nemendur nám í skólanum sem er fyrsta rekstrarár skólans. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 5 en skólinn óskar eftir að viðmið um hámarksfjölda verði hækkað í 15 nemendur. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði 15 nemendur.

Fyrirvarar og gildistími:

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2017 til 2018 eða til 1. júlí 2018 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Greinargerð:

Á 97. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2016 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 25. apríl 2016, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um mestan fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og í Tálknafirði auk fyrirvara. Þann 11. ágúst 2016 samþykkti borgarráð erindið með þeirri breytingu að viðmið um hámarksfjölda gilda ekki um grunnskólann á Tálknafirði með vísan til niðurstöðu í umsögn borgarlögmanns. Skóla- og frístundasviði var falið að útfæra endanleg gögn miðað við þá breytingu. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2017 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. október 2016 og í borgarráði þann 3. nóvember 2016 voru samþykkt viðmið um hámarksfjölda nemenda í Nú.

Þann 4. apríl sl. sendi skóla- og frístundasvið skólunum fjórum bréf þar sem tilkynnt var að fyrirhugað væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að viðmið um hámarksfjölda nemenda héldist óbreytt að því undanskyldu að viðmið um hámarksfjölda nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar yrði lækkað úr 18 nemendum í 10 nemendur. Var skólunum veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum vegna þessa. Í athugasemdum skólanna kom fram að International School of Iceland óskar eftir hækkun viðmiðs vegna næsta skólaárs í 20 nemendur þar sem nú þegar hafi 16 reykvískir nemendur óskað eftir námsvist næsta vetur og Grunnskólinn NÚ óskar eftir hækkun viðmiðs í 15 nemendur. Ekki bárust athugasemdir frá Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Með bréfi, dags. 5. maí sl., var skólunum tilkynnt um að ákveðið hafi verið að fara þess á leit við sveitarfélög sem hafa eftirlitsskyldu með þeim að þau veiti umsögn þar sem fram komi upplýsingar um starfsemi viðkomandi skóla ásamt upplýsingum um hvort farið hafi fram ytra mat á þeim. Vísað er til meðfylgjandi umsagna skólaskrifstofu Garðabæjar vegna International School of Iceland, dags. 24. maí 2017, Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 24. maí 2017 og skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, dags. 27. maí 2017 vegna Grunnskólans NÚ og skólaskrifstofu Kópavogs, dags. 30. maí 2017 vegna Waldorfskólans Lækjarbotnum.

Í 43. gr. a - f laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald skv. erlendir eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012 eða reglugerð nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinnna grunnskóla en þar kemur fram að útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.382.210.-

Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.



Fylgiskjal við minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2017, varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2017-2018.

Upplýsingar um kostnað:

Á ársgrundvelli						
	nú	nú	nú	verði	verði	verði
International Scholl of Iceland Garðabær	12	1.382.210	16.586.520	20	1.382.210	27.644.200
Waldorf í lækjarbotnu	52	1.382.210	71.874.920	54	1.382.210	74.639.340
Hjallastefnan	16	1.382.210	22.115.360	10	1.382.210	13.822.100
Nú - framsýn				15	1.382.210	20.733.150
			110.576.800			136.838.790



Garðabær, 7. apríl 2017

Reykjavíkurborg,
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

**Vegna viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag með vegna náms í
International School of Iceland.**


Í bréfi ykkar til skólans, dags. 4. apríl 2017 kemur fram að Skóla- og frístundarsvið
Reykjavíkurborgar hyggist leggja til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem
Reykjavíkurborg muni greiða með til skólans vegna skólaársins 2017-2018 verði 13
nemendur.

International School of Iceland vill koma á framfæri að nú þegar hafa 16 nemendur frá
Reykjavík óskað eftir skráningu í skólann fyrir skólaárið 2017-2018 og opið er fyrir skráningu
allt árið. Í ljósi þessa leggur skólinn til að Reykjavíkurborg hækki viðmið nemenda í lágmark
20 fyrir skólaárið 2017-2018.

Virðingafyllst

Guðrún Hanna Hilmarsdóttir
Skólastjóri

International School of Iceland
Löngulínu 8,
210 Garðabær
hanna@internationalschool.is



Hafnarfjörður 5. apríl 2017

Reykjavíkurborg
Skóla og frístundasvið
B.t. Helga Grímssonar, sviðsstjóra

Efni: Framlag vegna reykvískra nemenda í grunnskólanum NÚ.

Vegna aukinna fyrirspurna og umsókna frá reykvískum nemendum um skólavist í grunnskóla NÚ í Hafnarfirði, óska skólastjórnendur NÚ (Framsýn menntun ehf.), eftir rýmkun heimilda gagnvart umsækjendum sem lögheimili eiga í Reykjavík. Reykjavíkurborg heimilaði að greiða framlag vegna allt að fimm reykvískra nemenda skólaárið 2016-2017. Hér með er óskað eftir að heimildin verði aukin upp í 15 nemendur frá Reykjavík fyrir skólaárið 2017 - 2018.

Virðingarfyllst,



Gísli Rúnar Guðmundsson, skólastjóri
Grunnskólinn NÚ,
Framsýn menntun ehf.
Kt. 630615-0890

p.s. frumrit bréfs berst með Póstinum.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði 17. maí 2015

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
b.t. Elíнар Norðmann

Erindi nr. SFS2016100075 frá 5. maí 2017.

Óskað er upplýsinga frá Hafnarfjarðarbæ um grunnskólann Nú Framsýn sökum þess að Reykjavíkurborg veitir reykvískum nemendum aðgang að skólanum. Nú Framsýn sem staðsettur er í Hafnarfirði og fyrir vikið er Hafnarfjarðarbær með matsskyldur gagnvart skólanum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Eftirfarandi eru viðbrögð fræðslu- og frístundabjónustu Hafnarfjarðar við erindinu.


Grunnskólinn Nú Framsýn er að ljúka sínu fyrsta starfsári. Skólinn fékk starfsleyfi frá bænum og mennta- og menningarmálaráðuneytinu á grunni gagna sem skólinn sendi inn í samræmi við reglugerð nr. 669/2012, aðallega 4. grein. Sveitarfélagið og ráðuneytið samþykktu skólann þrátt fyrir að ekki væri ljóst með alla þætti skólastarfsins í upphafi, t.d. voru starfsáætlun og skólanámskrá skólans ekki fullgerð þegar starfsumsókn var lögð fram og eru enn í vinnslu. Skólinn skilaði inn skólanámskrá fyrir skólaárið 2016-2017 þar sem meginefni í framkvæmd skólastarfsins er ekki kynnt enn sem komið, þ.e. lýsingar vantar í meginatriðum á öllum námssviðum. Nú Framsýn skilaði starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017 sömuleiðis. Hún kynnir margt um skipulag og framkvæmd skólastarfsins en sumir þættir eru enn sem komið er óskráðir og gert ráð fyrir að þeir verði áfram í vinnslu. Hafnarfjarðarbær leggur skólanum til form fyrir bæði skólanámskrá og starfsáætlun og út frá skilum í þeim formum er ofangreint mat lagt fram. Fyrir skólaárið 2016-2017 skilaði skólinn inn skóladagatali og viðmiðunarstundaskrá sem hvorugtveggja stóðust mat. Sömuleiðis var gerð úttekt á hádegismat í skólanum í febrúar 2017 sem nemendum skólans stendur til boða og stóðst hann matskröfur.

Nemendur skólans tóku samræmd könnunarpróf í 9. og 10. bekk. Nemendur í 9. bekk voru færri en 10 (reyndar 9) sem tóku prófin svo heildarniðurstaða skólans er ekki gefin upp af Menntamálastofnun. Nemendur í 10. bekk sem þreyttu prófið voru 12 og eru þetta niðurstöður skólans: Meðaleinkunn nemenda í íslensku var 29,67, stærðfræði 31,83 og ensku 30,58 skv. upplýsingum á vef Menntamálastofunar.

Á þessu fyrsta skólaári hafa skrifstofu fræðslu- og frístundabjónustunnar ekki borist neinar ábendingar um það sem betur mætti fara í starfsemi skólans eða um breytingar á nemendafjölda í skólanum.

Að öðru leyti telur skrifstofa fræðslu- og frístundabjónustunnar ekki mögulegt að gefa ítarlegri matsupplýsingar um Nú Framsýn nú.

Virðingarfyllst,


Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla

Reykjavíkurborg
Skóla og frístundasvið
Bt. Elín Norðmann
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabæ, 24.05.2017
Mál nr. 1705100

Efni: Svar við beiðni um umsögn vegna Barnaskóla Hjallastefnunnar

Hjallastefnan ehf. hefur leyfi til að starfrækja grunnskóla samkvæmt starfsleyfi frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu. Garðabær og Hjallastefnan ehf hafa gert með sér samning um starfsemi leikskóla fyrir 5 ára nemendur og grunnskóla fyrir 6 - 9 ára nemendur að Vífilstöðum. Áður var einnig miðstig við skólann fyrir nemendur í 5.-7. bekk en frá sl. hausti hefur þar eingöngu verið yngra stig. Í vetur hafa verið 112 fimm til níu ára börn í skólanum eða ríflega 20 nemendur í hverjum árgangi.

Hjallastefnan skuldbindur sig samkvæmt samningi við Garðabæ til að ábyrgjast að allt skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og lög um grunnskóla, aðalnámskrár leik- og grunnskóla útgefnar af menntamálaráðuneytinu sem og reglugerðir sem gilda um starfsemi leik og grunnskóla.

Árið 2015 var unnið ytra mat á vegum Menntamálastofnunnar og má nálgast skýrslu vegna þessa á heimasíðu stofnunarinnar

https://mms.is/sites/mms.is/files/barnaskoli_hjallastefnunnar_i_gardabae_2014.pdf

Í kjölfar hennar var unnin umbótaáætlun og aðgengi gagna á heimasíðu skólans <http://bskgbr.hjalli.is/> bætt verulega. Þar má m.a. finna umbótaáætlun í sem unnin var í kjölfar ytra mats

<http://www.hjalli.is/barnaskolinn/skjalasafn/barnaskolinn371.pdf>

ásamt öllum helstu upplýsingum um starfið s.s. skýrslur og starfsáætlanir.

Háskólinn í Rvk, vann árin 2014-2016 rannsókn fyrir Hjallastefnuna þar sem nemendur í Garðabæ voru skoðaðir m.a. með tilliti til gengi náms á unglíngastig. Niðurstöður benda til að nemendur úr Hjallastefnuskólum standi sig ekki síður vel í námi en jafnaldrar þeirra úr öðrum skólum.

Niðurstöður rannsóknarinnar má finna á: <http://www2.hjalli.is/arangur/rannsoknir/Rannsokn-Haskolans-i-Reykjavik/>

Virðingarfyllt,

Katrín Friðriksdóttir
deildarstjóri skóladeildar

From: Ragnheiður Hermannsdóttir [<mailto:ragnheidur@kopavogur.is>]
Sent: 30. maí 2017 17:08
To: Elín Norðmann
Subject: gögn um Waldorfsskólan

Sæl

Í bréfi frá skóla- og frístundasvið undirrituðu af þér er óskað eftir að skólinn veiti umsögn um Waldorfsskólann þar sem komi fram helstu upplýsingar um starfsemi skólans. Ég get því miður ekki orðið við þeirri beiðni með svo skömmum fyrirvara en bendi á eftirfarandi gögn:

- Heimasíðu skólans <http://waldorfskolinn.is/>
- Skýrsla um ytri mat á skólanum: <https://www.mms.is/grunnskolar-3>
- Starfsáætlun (er í viðhengi)

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá samband.

Bestu kveðjur

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar
441 0000 | 441 2801 | 894 1132 | ragnheidur@kopavogur.is



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur

Sími 441 0000
www.kopavogur.is

Fyrirvari/disclaimer: <http://www.kopavogur.is/disclaimer>
